

8. janúar 2021

### Um tillögu Skipulagsstofnunar um viðauka við landsskipulagsstefnu 2015-2026 – óbyggð víðerni

ÓFEIG náttúruvernd eru velgjörðarsamtök, stofnuð 2018, einkum í þeim tilgangi að beina sjónum að mikilvægi verndar óbyggðra víðerna á Íslandi, meðal annars með umræðu og rannsóknum. Í því skyni létu samtökin meðal annars kortleggja víðerni við Drangajökul árið 2019 og hafa þau bæði staðið fyrir almennri kynningu höfunda kortlagningarinnar, almenningi hefur aðgang að upptöku af, og hafa einnig gert skýrslu Wildland Research Institute um kortlagninguna aðgengilega almenningi, auk þess sem Skipulagsstofnun var kynnt skýrslan bréflaga, með boði um frekari kynningu. Í þessari kortlagningu víðerna er í fyrsta sinn á Íslandi beitt alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði við kortlagningu óbyggðra víðerna. Auk þess er þetta í fyrsta sinn sem víðerni utan sjálfs miðhálandisins hafa verið kortlögð yfir höfuð. Vegna sérhæfingar ÓFEIGAR, fjallar umsögn þessi einvörðungu um þann hluta tillögu að viðbót við landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem varðar óbyggð víðerni.

Fyrir liggur að ráðherra fól Skipulagsstofnun í bréfi 10. júlí 2018 að setja fram í tillögu að viðbót við landsskipulagsstefnuna viðmið um kortlagningu óbyggðra víðerna.

Á vefsetri landsskipulagsstefnu er að finna samtals fimm ítarlegar skýrslur gerðar við vinnslu tillögunnar, en þær fjalla um greiningu landslags, lýðheilsu og skipulag, lofslagsaðgerðir í þéttbýlisskipulagi, kolefnisspor landnotkunar og landslag og vindorku. Engin þessara skýrslna fjallar hinsvegar að neinu leyti um verkefnið sem að ofan er getið. Þrjár skýrslur um óbyggð víðerni er hinsvegar að finna undir framfylgd nógildandi stefnu, sem aðeins fjallar um miðhálandið, og eru allt tillögur og þróunarverkefni sem eru skammt á veg komin, einskorðast við miðhálandið og miða ekki við alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði.

Frá því að tillaga Skipulagsstofnunar var lá fyrir fyrri part nóvember 2020, hefur ráðherra nú lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á náttúruverndarlögum, sjá þingskjal 308 — 276. mál, sem tengist beint því sem hér er til umfjöllunar. Þar er lögð til skylda til kortlagningar óbyggðra víðerna á Íslandi (ekki aðeins á miðhálandi) og skal henni lokið fyrir 1. júní 2023. Athugasemdir með frumvarpsákvæðum sem hér um ræðir eru fáorð um þetta, en segja þó afdráttarlaust að greining skuli liggja fyrir um allt land og að kortlagningin skuli byggjast á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði. Skipulagsstofnun er auðvitað vel kunnugt um frumvarp þetta, enda kom forstjóri hennar fyrir umhverfis- og samgöngunefnd þann 4. desember 2020 vegna þess. ÓFEIG veitti umsögn um frumvarpsdrög á fyrri stigum. Af umsögnum til þingnefndarinnar verður ekki almennt ráðið að umsagnaraðilar setji sig upp á móti ákvæðinu. Nánar tiltekið segir í athugasemd með viðkomandi frumvarpsgrein:

*Nú þegar liggja fyrir drög að greiningu víðerna á hálandinu og hefur Skipulagsstofnun borið ábyrgð á þeirri vinnu. Rétt þykir að kortleggja með sama hætti óbyggð víðerni annars staðar á landinu og þannig verði til heildstætt yfirlit yfir óbyggð víðerni á Íslandi. Mikilvægt er að kortlagningin byggist á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði og að horft verði til 46. gr. laganna í því sambandi, sem fjallar um friðlýsingarflokkinn óbyggð víðerni.*

Ekki verður framhjá því litið að óbyggð víðerni eiga sér frá 2015 beina samsvörun í verndarflokki 1b í flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, samkvæmt náttúruverndarlögum. Mikilvægt er að uppfæra aðgerð 6.1.6 og greinargerð með henni í tillögu Skipulagsstofnunar sem umsögn þessi fjallar um, annars vegar með tilliti til skilgreiningar náttúruverndarlaga á hugtakinu óbyggð víðerni (þ.m.t. huglægur þáttur hennar og IUCN samsvörun) og með tilliti til ofangreinds frumvarps og tilvitnuðum athugasemdum með frumvarpsákvæðinu sem um ræðir, að því er varðar alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði.

Virðingarfyllst,

Sif Konráðsdóttir  
formaðurSnæbjörn Guðmundsson  
stjórnarmaður